

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 410 1. október 1979 um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem endursendar eru til útlanda.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar breytist svo sem hér segir:

a) 2. tl. orðist svo:

Sett sé fullnægjandi trygging í peningum fyrir áföllnum gjöldum. Í stað peningatryggingar er tollyfirvaldi þó heimilt að taka við skuldarviðurkenningu nemi gjöld minnst kr. 10 000, enda liggi fyrir skilyrðislaus sjálfsskuldarábyrgð banka á greiðslu gjalda og dráttarvaxta og annars kostnaðar verði vanefndir hjá skuldara. Fjárhæð þessi, sem miðuð er við vísitölu byggingarkostnaðar í maí 1983, skal breytast til samræmis við breytingar á henni á hverjum tíma.

Tollyfirvaldi er heimilt að falla frá kröfu um tryggingu annist farmflytjandi sem annast reglubundnar ferðir milli landa endursendingu vöru án afhendingar hennar til innflytjanda. Sama skal gilda sé vara í tollvöruheymslu, enda annist sá sem tollvöruheymsluna rekur endursendingu vörunnar.

b) 2. másl. 5. tl. orðist svo:

Séu framangreind staðfestingargögn eigi afhent viðkomandi tollyfirvaldi innan hins tilskilda frests má m. a. taka setta tryggingu upp í áfallin og ógreidd gjöld eða stöðva tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 57. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tollfertilit með síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 8. maí 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um stjórn hreppsmálefna Borgarneshrepps nr. 353 18. september 1978.

1. mgr. 12. gr. orðist svo:

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að hreppsnefndarmaður réttir upp hönd. Nafnakall eða skriflega atkvæðagreiðslu skal viðhafa, ef oddviti ákveður, sveitarstjóri eða hreppsnefndarmaður óskar þess.